

Mannfjöldapróun 2012

Population development 2012

Samantekt Hinn 1. janúar 2013 voru íbúar landsins 321.857. Þeim fjölgaði um 0,7% frá sama tíma ári áður eða um 2.282 einstaklinga. Árið 2012 fæddust 4.533 börn en 1.952 létust á árinu. Fæddir umfram dána voru því 2.581. Þá fluttust 6.276 utan en 5.957 til landsins. Brottfluttir umfram aðflutta voru því 319.

Í upphafi árs 2013 voru 60 þéttbýlisstaðir á landinu með 200 íbúa eða fleiri. Auk þeirra voru 35 smærri byggðakjarnar með 50–199 íbúa. Alls bjuggu 301.464 í þéttbýli 1. janúar síðastliðinn og hafði þá fjölgað um 2.651 frá 1. janúar í fyrra. Í dreifbýli og smærri byggðakjörnum bjuggu alls 20.393.

Fjölmennasta sveitarfélagið var Reykjavík með 119.764 íbúa. Það fámennasta var hins vegar Árneshreppur á Ströndum þar sem bjuggu 54. Árið 2012 fækkaði fólki í 32 sveitarfélögum og á sex landsvæðum af átta.

Innflytjendur voru 25.926 hinn 1. janúar síðastliðinn, 8,1% mannfjöldans. Fjöldi einstaklinga af annarri kynslóð innflytjenda var 3.204. Af innflytjendum voru Pólverjar langfjölmennastir, alls 9.371, 36,1% allra innflytjenda.

Breytingar á mannfjölda

Mannfjöldi hinn 1. janúar 2013 var 321.857. Íbúatala landsins hækkaði um 2.282 frá 1. janúar 2012 eða um 0,7%. Alls voru 161.438 karlar og 160.419 konur búsettar á Íslandi 1. janúar 2013. Körlum fjölgaði um 1.074 árið 2012 en konum um 1.208.


Skrykkjött íbúapróun frá 2005

Undanfarinn áratug hefur búsetuþróun á Íslandi verið með nokkuð sérstæðum hætti. Mikill vöxtur hljóp í íbúafjöldann árin 2005–2007 þegar árleg fjölgun fór yfir 2% (sjá mynd 1). Íbúatala landsins náði hámarki 1. janúar 2009 þegar hér voru skráðir 319.368 einstaklingar með lögheimili á Íslandi. Hins vegar fækkaði landsmönnum um 1.738 árið 2009. Síðast fækkaði landsmönnum árið 1888, þá um 579 einstaklinga. Eftir fækkunina 2009 hefur fjölgunin verið upp á við og árið 2012 nam hún 2.282.



Mynd 1. Mannfjöldi frá 1970–2013

Figure 1. Population 1970-2013

**Fólksflutningar**

Sveiflur í mannfjöldatölum skýrast fyrst og fremst af tölum um búferlaflutninga til og frá landinu. Á árinu 2012 fluttust 319 brott af landinu umfram aðflutta. Aðfluttir voru 5.957 en brottfluttir 6.276. Aðfluttum fjölgaði um 379 frá árinu 2011 og brottfluttum fækkaði um 706. Flutningsjöfnuðurinn var því mun hagstæðari árið 2012 en árið áður þegar 1.404 fluttust brott umfram aðflutta.

Flutningur karla og kvenna

Allnokkur munur var á milli kynja í millilandaflutningum. Árið 2012 fluttust 300 fleiri karlar úr landi en til landsins og 19 fleiri konur fluttust frá landinu en til þess. Fram til ársins 2003 fluttust að jafnaði fleiri konur til landsins en karlar. Þessi þróun snerist við á tímabilinu 2004–2008. Á þeim árum fluttust til landsins 4.215 fleiri karlar en konur. Á undanförunum fjórum árum hafa hins vegar 4.114 fleiri karlar en konur flust úr landi umfram aðflutta. Hlutfall kynjanna í mannfjöldanum hefur því jafnast á nýjan leik.

4.533 fæddust 2012

Alls fæddust 4.533 börn árið 2012, þar af 2.317 drengir og 2.216 stúlkur. Þetta eru aðeins fleiri börn en árið 2011 þegar 4.492 börn fæddust. Fæðingartölur þessar á árinu 2012 jafngilda því að hver kona fæði 2,037 börn á ævi sinni. Jafnan er miðað við að þetta hlutfall þurfi að vera rúmlega 2 börn, þ.e. að minnsta kosti ein stúlka, til þess að þjóðinni fjölgi miðað við óbreytta dánartíðni og jafnvægi í flutningsjöfnuði. Fæðingarárgangurinn 2012 er sá 24. stærsti frá árinu 1951.

1.952 dóu 2012

Árið 2012 létust 1.952 sem búsettir voru á Íslandi, 951 karl og 1.001 kona. Dánartíðni á hverja 1.000 íbúa var 6,1 dánir en hún hefur verið 6,1 til 6,5 prómill frá upphafi aldarinnar.

Meðalævi við fæðingu

Árið 2012 gátu nýfæddir drengir vænst þess að verða 80,8 ára en stúlkur 83,9 ára. Á fimm ára tímabili, 2006–2010, var meðalævi karla 79,6 ár en kvenna 83,3 ár.

Innflytjendur 8,1% af mannfjölda

Hinn 1. janúar 2013 voru 25.926 innflytjendur á Íslandi, 8,1% af mannfjöldanum. Flestir innflytjendur voru 1. janúar 2009, alls 28.644, 9,0% mannfjöldans.

Kynjahlutfall jafnast

Þá voru 1.006 karlar á landinu á móti hverjum 1.000 konum 1. janúar síðastliðinn, en þeir voru 1.007 árið áður. Fram til ársins 2004 voru konur jafnan í meirihluta þeirra sem fluttust til landsins. Einkum átti það þó við aðflutta erlenda ríkisborgara.

Árið 2004 snerist þetta við og mikill aðflutningur karlmannna, aðallega með erlent ríkisfang og á aldrinum 30–49 ára, olli því að í ársbyrjun 2008 bjuggu á Íslandi 1.041 karl á móti hverjum 1.000 konum.

Aðflutningur til landsins er enn bundinn körlum að meirihluta til. Það er því mikill og hraður brottflutningur þeirra allt frá árinu 2007 sem hefur valdið jöfnun kynjahlutfallsins á nýjan leik. Á árinu 2012 voru í aðflutningum 1.047 karlar á móti hverjum 1.000 konum, en 1.143 karlar í brottflutningum fyrir hverjar 1.000 konur.

Íbúapróun á einstaka landsvæðum

Fólksfjölgun var á höfuðborgarsvæðinu, en þar bjuggu 2.081 fleiri 1. janúar 2013 en fyrir ári. Það jafngildir 1,0% fjölgun íbúa á einu ári. Hlutfallslega varð fólksfjölgunin hins vegar mest á Vestfjörðum þar sem fjölgaði um 1,1%, eða 76 frá síðasta ári. Fólki fjölgaði einnig á Austurlandi, um 78 einstaklinga (0,6%), og um 90 (0,4%) á Suðurlandi. Minni fólksfjölgun var á Vesturlandi (0,1%) og Norðurlandi eystra (0,03%). Fólksfækkun var á tveimur landsvæðum, Norðurlandi vestra þar sem fækkaði um 28 manns (0,4%) og á Suðurnesjum en þar fækkaði um 36 (0,2%).

*Fólksfjöldapróun
síðustu tíu ára*

Þegar litið er til síðustu tíu ára blasir nokkuð önnur mynd við. Þá fjölgaði landsmönnum að meðaltali um 1,1% á ári. Suðurnes voru á tímabilinu töluvert fyrir ofan landsmeðaltal með 2,4% árlega fjölgun. Á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði rétt ofan við landsmeðaltal, 1,3% á ári að meðaltali, en á Suðurlandi fjölgaði um 1,0% á ári að jafnaði. Árleg fjölgun síðustu tíu ár var undir landsmeðaltali fyrir bæði Austurland (0,7%) og Vesturland (0,6%), en á Norðurlandi eystra hefur hún aðeins verið um 0,2%. Undanfarin tíu ár, frá ársbyrjun 2003, hefur hins vegar fækkað á Vestfjörðum sem nemur 1,1% árlegri fækkun og á Norðurlandi vestra sem nemur 0,8% árlegri fækkun.

Íbúapróun í þéttbýli og strjálbýli

Tæplega 63% mannfjöldans bjó á Stór-Reykjavíkursvæðinu 1. janúar 2013, þ.e. samfelldri byggð frá Hafnarfirði til Mosfellsbæjar, alls 201.831. Í strjálbýli bjuggu 20.393 einstaklingar, 6,3% mannfjöldans. Í strjálbýli eru alls 35 byggðakjarnar með 50–199 íbúa, en þar búa aðeins 1,2% mannfjöldans.

Árið 2012 fækkaði íbúum í fámennari byggðakjörnum og strjálbýli um 369 (1,7%). Á undanförmum 10 árum, frá 1. janúar 2003, hefur íbúum í fámennari byggðakjörnum og strjálbýli hins vegar fækkað árlega um 1,0%. Hinn 1. janúar 2003 bjuggu 7,4% landsmanna í strjálbýli og byggðarlögum með færri en 200 íbúa. Hinn 1. janúar síðastliðinn bjuggu hins vegar 6,3% íbúa landsins í slíkum byggðarlögum.

Konur frekar í þéttbýli

Kynjahlutföll fara mjög eftir þéttbýlisstigi. Þannig eru 983 karlar á hverjar 1.000 konur í Reykjavíkurbéttbýlinu. Þetta hlutfall breytist körlum í vil eftir því sem þéttbýlið verður fámennara, þótt ekki sé það fyllilega línulegt samband. Ójafnast er kynjahlutfallið í strjálbýli, en þar voru 1.118 karlar á móti 1.000 konum hinn 1. janúar 2013 (sjá töflu 1).

Tafla 1. Mannfjöldi og kynjahlutfall eftir byggðarstigi 1. janúar 2013
Table 1. Population and sex ratio by size groups of localities 1 January 2013

	Fjöldi staða <i>Number of localities</i>	Mann- fjöldi alls <i>Total population</i>	Konur á hverja 1000 karla % <i>Sex ratio</i>
Allt landið <i>Total</i>	•	321.857	100,0
Staðir með 200 íbúa og fleiri <i>Localities with 200 inhabitants or more</i>	60	301.464	93,7
>100.000	1	201.831	62,7
10.000–99.999	2	31.950	9,9
5.000–9.999	2	13.232	4,1
2.000–4.999	8	21.501	6,7
1.000–1.999	13	17.241	5,4
500–999	14	9.647	3,0
200–499	7	2.795	0,9
Fámennari staðir og strjálbýli <i>Smaller urban and nuclei</i>	•	20.393	6,3
100–199	20	2.868	0,9
50–99	15	1061	0,3
Strjálbýli <i>Rural areas</i>	•	16.464	5,1

Fækkun í flestum byggðakjörnum

Á árinu 2012 fækkaði í 51 byggðakjörnum og í öðrum fimmtán var minni fjölgun en sem nam meðalfjölgun á landinu. Í 46 byggðakjörnum fjölgaði íbúunum umfram landsmeðaltal.

Fækkunin var mest í smærri byggðakjörnum. Meðalíbúatala þeirra byggðakjörna þar sem fækkaði eða fjölgun var minni en landsmeðaltal var 1.243 íbúar. Meðalíbúatala hinna var 5.213.

Íbúapróun í sveitarfélögum

Sveitarfélög á Íslandi voru alls 74 hinn 1. janúar 2013 og fækkaði um eitt frá árinu áður þegar sveitarfélögin Álftanes og Garðabær sameinaðust undir nafni síðarnefnda sveitarfélagsins. Sveitarfélögin eru misfjöldmenn. Reykjavík var fjölmennast með 119.764 íbúa en Árneshreppur á Ströndum var fámennast með 54 íbúa. Alls hafa 25 sveitarfélög færri en 500 íbúa en í aðeins níu sveitarfélögum eru 5.000 íbúar eða fleiri (sjá töflu 2).

Fækkar í 31 af 74 sveitarfélögum

Árið 2012 fækkaði íbúum í 31 af 74 sveitarfélögum landsins. Í 25 minnstu sveitarfélögum fjölgaði fólki í aðeins ellefu þeirra. Hlutfallslega fækkaði íbúum mest í Kjósarhreppi. Af níu stærstu sveitarfélögum með 5.000 íbúa eða fleiri fjölgaði Kópavogsbúum og Mosfellsbæingum hlutfallslega mest, en fjölgun var undir landsmeðaltali á Akranesi, Akureyri og í Sveitarfélaginu Árborg.


Próun síðustu tíu ára

Þegar litið er til íbúapróunar síðustu tíu ára var mesta árlega fjölgunin í Kjósarhreppi (3,5%) og Mosfellsbæ (3,3%) (sjá mynd 2). Reykjavík hefur aftur á móti bætt við sig flestum íbúum frá 1. janúar 2003 til dagsins í dag, eða 7.210. Almennt má segja að mesta fjölgunin hafi átt sér stað í sveitarfélögum í og við höfuðborgarsvæðið. Undantekning frá þeirri reglu eru Fljótshálfshérað með 2,1% árlega fólksfjölgun, Fjarðabyggð (1,5%) og Akureyri (1,1%). Mesta hlutfallslega fækkunin síðustu tíu ár átti sér stað í sveitarfélögum með íbúafjölda undir 1.000. Aðeins

í einu af 10 fámennustu sveitarfélögum var árleg fjölgun yfir landsmeðaltali á tímabilinu en það var í Eyja- og Miklaholtshreppi þar sem fjölgaði um 3,2% árlega. Af fjölmennari sveitarfélögum fækkaði mest á Seltjarnarnesi (-0,6%), í Vestmannaeyjum (-0,5%) og Ísafjarðarbæ (-1,0%) frá 1. janúar 2003 fram til 1. janúar 2013.

Mynd 2. Íbúaþróun eftir sveitarfélögum 2003–2013

Figure 2. Population development by municipalities 2003–2013



Tafla 2. Íbúaþróun eftir stærð sveitarfélaga 2003–2013

Table 2. Population change by size groups of municipalities 2003–2013

Stærð sveitarfélaga <i>Population size</i>	Fjöldi sveitarfélaga þar sem fjölgaði 2012 <i>Number of localities with popul. increase 2012</i>		Mannfjöldi 1. janúar 2013 <i>Population 1 January 2013</i>	Hlutfall <i>Percent</i>	
	Breyting frá fyrra ári <i>Change from previous year</i>	Meðal- breyting sl. 5 ára <i>Annual change last 5 yrs</i>			
Alls <i>Total</i>	74	39	321.857	0,7	1,10
>5.000+	9	9	247.796	0,9	1,47
2.000–4.999	12	7	40.026	0,2	0,04
1.000–1.999	11	2	16.155	-1,6	0,33
500–999	17	10	12.131	0,7	-0,43
200–499	11	6	4.114	0,8	-0,69
<200	14	5	1.635	-0,7	-1,02

Mannfjöldi eftir kyni


Kynjahlutfall jafnast enn

Á undanförunum árum hefur kynjahlutfall í landinu raskast mikið (sjá mynd 3). Þessa röskun má rekja til mikillar sveiflu meðal kynjahlutfalls innflytjenda. Árið 1998 voru 650 karlar með innflytjenda bakgrunn á hverjar 1.000 konur. Kynja-

hlutfallið jafnaðist þó jafnt og þétt til ársins 2005, en frá og með 2006 snérist hlutfallið algjörlega við og náði hæst 1.353 körlum á hverjar 1.000 konur árið 2007. Þróunin hefur snúist við og hinn 1. janúar 2013 voru 908 karlar á hverjar 1.000 konur meðal innflytjenda. Kynjahlutfall einstaklinga með engan erlendan bakgrunn hefur haldist nánast það sama á sama tímabili, eða um 1.013 karlar á hverjar 1.000 konur.

Mynd 3. Fjöldi karla á hverjar 1.000 konur eftir uppruna 1998–2013

Figure 3. Number of males per 1,000 females by origin 1998–2013



Mannfjöldi eftir aldri

Aldursflokkarnir frá nýfæddum til 54 ára voru svipaðir að stærð hinn 1. janúar 2013 með 20–24 þúsund í hverjum fimm ára aldurshópi. Frá 55 ára fækkar hins vegar í árgöngum. Alls voru 42 einstaklingar 100 ára eða eldri, þar af 36 konur. Fjölmennasti aldurshópurinn er fólk á aldrinum 20–24 ára, þá 0–4 ára og loks 30–34 ára.

Mannfjöldapýramíðinn


Þegar titið er eingöngu á aldursdreifingu innlendra má sjá að lögun hins svokallaða mannfjöldapýramíða minnir ekki nema að litlu leyti á pýramíða (sjá mynd 4). Lögunin ræðst einkum af bylgju fæðinga fyrr á árum, sér í lagi hvað yngstu aldurshópana varðar. Þessu til viðbótar eru aldurshóparnir 20–39 ára einnig þeir hópar sem helst flytjast búferlaflutningum til útlanda.

Aldursdreifing á Íslandi og í Evrópu

Samanburður á aldursdreifingu á Íslandi við ríkin 27 sem mynda Evrópusambandið leiðir í ljós töluverðan mismun (sjá mynd 4). Aldurshóparnir 0–25 ára hér á landi eru hlutfallslega mun stærri en í Evrópu. Athygli vekur að aldurshópurinn 40–44 ára er óvenju lítill á Íslandi miðað við samsvarandi hóp í Evrópu. Skýringin á því eru minni fæðingarárgangar frá 1968–1972 á Íslandi. Aldurshópar yfir 50 ára eru nokkru stærri í Evrópusambandinu miðað við samsvarandi hópa á Íslandi. Sá munur eykst með hækkandi aldri og er greinilegri meðal kvenna eldri en 80 ára í Evrópusambandinu.

Mynd 4. Mannfjöldi í Evrópu og á Íslandi eftir kyni og aldri 1. janúar 2012

Figure 4. Population in Europe and Iceland by age and sex 1 January 2012




Á undanförunum árum og áratugum hefur aldurssamsetning landsmanna breyst mjög. Börnum hefur fækkað hlutfallslega en eldra fólki fjölgað. Fjöldi fólks á vinnualdri hefur staðið í stað undanfarin ár. Í ársbyrjun 2013 var fólki á þessum aldri 59,3% en var 59,4% ári fyrr. Á síðastliðnum tíu árum hefur fólki á aldrinum 0–19 ára fækkað úr 30,0% af þjóðinni í 27,7% en fólki sem er 65 ára og eldri fjölgað úr 11,7% í 12,9%.

Framfærsluhlutfall Framfærsluhlutfall er annars vegar reiknað sem hlutfall aldraðra af fólki á vinnualdri 20–64 ára (e. *old age dependency ratio*) og hins vegar sem hlutfall barna og ungmenna af sama hópi (e. *young age dependency ratio*).

Framfærsluhlutfall aldraðra Þegar löndum Evrópu er raðað eftir framfærsluhlutfalli aldraðra er Ísland í níunda sæti yfir þær þjóðir sem hlutfallið er hagstæðast með framfærsluhlutfall uppá 21 af hverjum 100 á vinnualdri (mynd 5). Hlutfallið var hagstæðast í Tyrklandi en þar var hlutfallið eingöngu 12,5 af hverjum 100 á vinnualdri. Af löndum Evrópu var framfærsluhlutfall aldraðra aftur á móti óhagstæðast í Svíþjóð (32,3), Þýskalandi (33,7) og á Ítalíu (34,1).

Framfærsluhlutfall ungra Framfærsluhlutfall ungra (e. *young age dependency ratio*) var næsthæst meðal Evrópuþjóða hér á landi eða 47,1 af hverjum 100 á vinnualdri (20–64 ára). Eingöngu Tyrkland hafði herra framfærsluhlutfall ungra með 57,2 af hverjum 100 á vinnualdri. Lægst er hlutfallið í þeim löndum þar sem frjósemi hefur verið lág síðustu 20 ár. Í Búlgaríu var hlutfallið eingöngu 29,3 af hverjum 100 á vinnualdri og næstlægst var það í Þýskalandi (29,8).

Mynd 5. Framfærsluhlutfall aldraðra og ungs fólks í Evrópu 1. janúar 2012
 Figure 5. Young age and old age dependency ratio in Europe 1 January 2012



Framfærsluhlutfall í
 landsvæðum

Framfærsluhlutfall barna og ungs fólks undir tvítugu var misjafnt eftir landsvæðum (sjá mynd 6). Í ársbyrjun 2013 var það lægst á höfuðborgarsvæðinu, Austurlandi og Vestfjörðum, 45 af hverjum 100 á vinnualdri á höfuðborgarsvæðinu en 46 af hundraði á Austurlandi og Vestfjörðum. Hlutfallið var hæst á Suðurnesjum þar sem

það var 52 af hverjum 100 á vinnualdri. Á öðrum landsvæðum var framfærsluhlutfall ungmenna á bilinu 49 til 50 af hundraði.

Framfærsluhlutfall þeirra sem eldri eru var aftur á móti hæst á Norðurlandi vestra, þar sem það var 30 af hundraði á vinnufærum aldri. Lægst var þetta hlutfall á Suðurnesjum eða 17 af hverjum 100 og á höfuðborgarsvæðinu þar sem það var 21 af hverjum 100. Á öðrum landsvæðum var hlutfallið milli 24 og 25 af hundraði vinnufærra íbúa.

Mynd 6. Framfærsluhlutfall eftir landsvæði 1. janúar 2013

Figure 6. Dependency ratios by region 1 January 2012



Innflytjendur og einstaklingar með erlendan bakgrunn

Innflytjendur 8,1% landsmanna

Hinn 1. janúar 2013 voru skráðir hérlendis 25.926 innflytjendur. Hlutfall innflytjenda af heildarmannfjölda var 8,1%. Það er fjölgun frá árinu 2012, þegar innflytjendur voru 8,0% landsmanna og 25.442 alls. Annarri kynslóð innflytjenda fjölgaði nokkuð á milli ára, voru 2.876 í fyrra en 3.204 nú. Samanlagt var fyrsta og önnur kynslóð innflytjenda 9,1% af mannföldanum, en það er einnig lítilsháttar fjölgun frá því í fyrra þegar hlutfallið var 8,9%.

Pólverjar fjölmennastir


Eins og síðustu ár eru Pólverjar langfjölmennasti hópur innflytjenda hér á landi. Hinn 1. janúar síðastliðinn var 9.371 einstaklingur upprunninn frá Póllandi eða 36,1% allra innflytjenda. Pólskir karlar voru 39,8% allra karlkyns innflytjenda eða 4.909 af 12.339. Pólskar konur voru 32,8% kvenkyns innflytjenda. Næstfjölmennasti hópur innflytjenda er frá Litháen, 5,4%, en 5,3% frá Filippseyjum.

Dreifing innflytjenda á landshluta

Hinn 1. janúar síðastliðinn bjuggu 19.486 fyrstu og annarrar kynslóðar innflytjendur á höfuðborgarsvæðinu, 66,9% allra innflytjenda á landinu. Hlutfall innflytjenda af mannfjölda var hæst á Vestfjörðum, en þar eru 12,7% innflytjendur af fyrstu eða annarri kynslóð (sjá mynd 7). Næsthæst er hlutfallið á Suðurnesjum þar sem 12,3% mannfjöldans eru innflytjendur eða börn þeirra. Lægst er hlutfallið á Norðurlandi vestra, en þar eru um 4,3% mannfjöldans innflytjendur eða börn þeirra.

Mynd 7. Hlutfall innflytjenda af fyrstu og annarri kynslóð eftir landsvæðum 1. janúar 2013

Figure 7. Proportion of immigrants of first and second generation by region 1 January 2013



Nýir íslenskir ríkisborgarar

Árið 2012 fengu 413 einstaklingar íslenskan ríkisborgararétt en 370 árið 2011. Fjölgaði því einstaklingum sem fengu íslenskt ríkisfang á milli ára í fyrsta sinn frá árinu 2008. Árið 1991 fengu fleiri karlar en konur íslenskt ríkisfang, en á hverju ári eftir það hafa konur verið í meirihluta nýrra íslenskra ríkisborgara. Svo var og í fyrra þegar 246 konur fengu íslenskan ríkisborgararétt en 167 karlar.

Flestir nýrra ríkisborgara árið 2012 voru frá Filippseyjum eða 49. Næstflestir komu frá Póllandi eða 30. Þetta er svipuð skipting og undanfarin ár.

Búferlaflutningar

Árið 2012 fluttu 319 fleiri frá landinu en til þess. Það dró úr brottflutningi á árinu miðað við árið áður, þegar 1.404 fluttu úr landi umfram aðflutta, og 2010 þegar flutningsjöfnuðurinn var neikvæður um 2.134. Á síðasta ári fjölgaði aðfluttum um 379 en þá fluttu 5.957 einstaklingar til landsins, samanborið við 5.578 árið 2011 og 5.625 árið 2010. Á árinu 2012 fækkaði brottfluttum um 716 frá árinu áður. Þá fluttu 6.276 úr landi, samanborið við 6.982 á árinu 2011 og 7.759 árið 2010.

Flestir til Noregs

Flestir þeirra sem fluttu af landi brott fóru til Noregs, alls 1.477 einstaklingar, en brottfluttir til Póllands voru 1.022. Alls fluttu 3.242 til Danmerkur, Noregs eða Svíþjóðar árið 2012 meðan 2.532 fluttu þaðan til landsins. Frá Póllandi fluttust 900 manns til landsins. Búferlaflutningar til og frá öðrum löndum var mun minni en til þessara landa.

Fleiri íslenskir ríkisborgarar

Íslenskir ríkisborgarar voru fleiri en erlendir í hópi brottfluttra, eða 4.066 á móti 2.210. Íslenskir ríkisborgarar voru einnig fleiri meðal aðfluttra en útlenskir, 3.130 á móti 2.827. Alls fluttu því 936 íslenskir ríkisborgarar úr landi umfram brottflutta á meðan aðfluttir erlendir ríkisborgarar voru fleiri en brottfluttir sem nam 617.

Aðfluttir yngri en brottfluttir

Árið 2012 voru flestir brottfluttra á aldrinum 20–24 ára, flestir þó 24 ára af einstaka árgöngum. Fjölmennasti hópur aðfluttra var á aldrinum 25–29 ára. Tíðasti aldur aðfluttra einstaklinga var 26 ára. Þegar tekið er tillit til fjölda brottfluttra umfram

aðflutta var mest fækkun vegna fólksflutninga frá landinu í aldursþópnum 30–34 ára.

Straumurinn suður Innanlandsflutningar voru 48.893 árið 2012 og fækkaði um 505 frá árinu áður. Þegar aðeins er litið á innanlandsflutninga lá straumurinn frá öllum landsvæðum til höfuðborgarsvæðisins. Þangað fluttu alls 525 umfram brottflutta frá öðrum landsvæðum. Flutningsjöfnuðurinn var aftur á móti óhagstæðastur á Norðurlandi eystra (-206), Suðurnesjum (-152) og Vesturlandi (-142).

Langflestir þeirra sem fluttust til útlanda fóru frá höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum (298 alls af 319). Fleiri fluttust til útlanda frá öðrum landsvæðum en komu, nema á Vesturlandi (29) og Vestfjörðum (22). Þegar litið er til bæði innanlands- og utanlandsflutninga voru Vestfirðir eina landsvæðið sem kom út með jákvæðan flutningsjöfnuð árið 2012 en þangað fluttu 38 fleiri en fluttu brott.

Tafla 3. Búferlaflutningar eftir landsvæðum 2012

Table 3. Internal and external migration by region 2012

	Aðfluttir umfram brotfflutta alls <i>Net migration, total</i>	Innanlands <i>Net internal migration</i>	Milli landa <i>Net external migration</i>
Alls Total	-319	•	-319
Höfuðborgarsvæðið <i>Capital region</i>	313	525	-212
Suðurnes <i>Southwest</i>	-238	-152	-86
Vesturland <i>West</i>	-113	-142	29
Vestfirðir <i>Westfjords</i>	38	16	22
Norðurland vestra <i>Northwest</i>	-62	-17	-45
Norðurland eystra <i>Northeast</i>	-207	-206	-1
Austurland <i>East</i>	-12	5	-17
Suðurland <i>South</i>	-38	-29	-9

Fæðingar

Árið 2012 fæddust 2.317 drengir og 2.216 stúlkur á Íslandi, eða 4.533 alls. Í þessum tölum eru talin 50 börn fædd erlendis þar sem móðirin átti lögheimili á Íslandi. Þegar litið er til undanfarinna sex áratuga er þessi fjöldi fæðinga aðeins fyrir ofan meðaltal, en í 23 ár af 62 hafa fæðst fleiri börn á Íslandi en árið 2012.


Fæðingartíðni hækkar lítillega

Meðalaldur mæðra hefur hækkað jafnt og þétt síðustu áratugi og konur eignast sitt fyrsta barn síðar á ævinni en áður var. Frá byrjun sjöunda áratugarins og fram yfir 1980 var meðalaldur frumbyrja undir 22 árum en eftir miðjan níunda áratuginn hefur meðalaldur frumbyrja hækkað og var 26,9 ár að meðaltali 2012.

Helsti mælikvarði á frjósemi er fjöldi lifandi fæddra barna á ævi hverrar konu. Árið 2012 var frjósemi íslenskra kvenna örliðið hærra en árið 2011, eða 2,037 börn á ævi hverrar konu en 2,017 barn ári fyrr. Yfirleitt er miðað við að frjósemi þurfi að vera um 2,1 barn til þess að viðhalda mannfjölda til lengri tíma litið miðað við jafnvægi í millilandaflutningum og óbreytta dánartíðni. Undanfarin ár hefur frjósemi á Íslandi verið rétt um tvö börn á ævi hverrar konu. Frjósemin er nú ekki nema um helmingur frjóseminnar í kringum 1960, en þá gat hver kona vænst þess að eignast rúmlega fjögur börn á ævi sinni (sjá mynd 8).

Mynd 8. Frjósemi 1960–2012

Figure 8. Total fertility rate 1960–2012

**Dánir og ævilíkur**

Árið 2012 létust 1.952 einstaklingar sem búsettir voru á Íslandi, 951 karl og 1.001 kona. Dánartíðni var 6,1 látnir á hverja 1.000 íbúa og lækkaði lítillega frá árinu 2011.

Ungbarnadauði á Íslandi var 1,1 börn af hverjum 1.000 lifandi fæddum árið 2012 en var 0,9 börn af hverjum 1.000 lifandi fæddum árið 2011.

Árið 2012 gátu nýfæddir drengir vænst þess að ná að meðaltali 80,8 ára aldri, en stúlkur 83,9 ára aldri. Á fimm ára tímabili, 2006–2010 var meðalævi karla 79,4 ár en kvenna 83,1 ár.

Meðalævin lengist

Meðalævilengd hefur vaxið jafnt og þétt hjá báðum kynjum undanfarna öld. Vöxturinn stóð reyndar í stað hjá körlum á árabílinu 1951–1970, en aftur hefur dregið saman með kynjunum síðan þá. Heldur hefur dregið úr vexti meðalævilengdarinnar eftir miðja 20. öldina, en hún jókst mjög hratt frá lokum 19. aldarinnar.

Alþjóðlegt samhengi

Árið 2011 var ungbarnadauði á Íslandi 0,9 af 1.000 lifandi fæddum. Hvergi í Evrópu var ungbarnadauði jafn lágur og hér það ár. Næstir Íslandi komu Svíar en þar var ungbarnadauði 2,1 af 1.000 lifandi fæddum. Annars staðar á Norðurlöndum var ungbarnadauði á bilinu 2,4–3,5. Í Evrópu var ungbarnadauði tíðastur í Kósóvó eða 13,1 af hverjum 1,000 lifandi fæddum árið 2011.


Lífslíkur íslenskra karla hafa batnað mjög á undanförunum árum. Frá árinu 2000 hafa þeir bætt við sig rúmlega tveimur árum í meðalævilengd. Árið 2011 var meðalævilengd íslenskra karla 79,8 ár og skipuðu þeir fyrsta sætið meðal Evrópuþjóða það ár ásamt Sviss.

Lengi vel voru lífslíkur íslenskra kvenna hæstar í heiminum en þær hafa dregist nokkuð afturúr stallsystrum sínum í Evrópu á þessari öld. Ástæðan fyrir því er hraðari aukning ævilengdar í nokkrum Evrópulöndum. Árið 2011 var meðalævi-

lengd íslenskra kvenna 83,2 ár og skipuðu þær sjötta sætið meðal Evrópuþjóða. Elstar evrópskra kvenna verða konur í Frakklandi (85,0 ár), Spáni (84,6 ár) og Sviss (84,3 ár).

Mynd 9. Meðalævilengd eftir kyni 1991–2012

Figure 9. Life expectancy at birth by sex 1991–2012



Kjarnafjölskyldur

Hinn 1. janúar 2013 voru kjarnafjölskyldur á landinu alls 78.168 og hafði fjölgað um 547 frá árinu áður. Barnafjölskyldum fækkaði hins vegar um 127, en barnlausum hjónaböndum og sambúðum fjölgaði um 674. Einhleypum fjölgaði um 1.426 frá því ári áður.

Tafla 4. Einhleypir og kjarnafjölskyldur eftir fjölskyldugerð 2003–2013

Table 4. Single persons and nuclear families by family type 2003–2013

	2003	2008	2012	2013
Alls Total	150.480	171.585	174.703	176.676
Einhleypir <i>Single persons</i>	79.138	95.793	97.082	98.508
Kjarnafjölskyldur alls <i>Nuclear families, total</i>	71.342	75.792	77.621	78.168
Hjónabönd og staðfest samvist <i>Marriages</i>				
Gagnstætt kyn án barna <i>Hetero sex without children</i>	24.332	26.675	28.941	29.503
Gagnstætt kyn með börnum <i>Hetero sex with children</i>	23.660	24.232	22.975	22.643
Sama kyn án barna <i>Same sex without children</i>	51	101	121	133
Sama kyn með börnum <i>Same sex with children</i>	7	23	41	47
Óvígð sambúð <i>Cohabitation</i>				
Gagnstætt kyn án barna <i>Hetero sex without children</i>	3.010	3.212	3.161	3.258
Gagnstætt kyn með börnum <i>Hetero sex with children</i>	8.774	9.319	9.723	9.759
Sama kyn án barna <i>Same sex without children</i>	•	•	61	64
Sama kyn með börnum <i>Same sex with children</i>	•	•	22	25
Einstæðir feður <i>Single fathers</i>	877	1064	1.111	1.129
Einstæðar mæður <i>Single mothers</i>	10.631	11.166	11.465	11.607

Hugtök og aðferðir

- Flutningsjöfnuður* Flutningsjöfnuður er mismunur aðfluttra og brottfluttra á tilteknu svæði á einu ári. Jákvæður flutningsjöfnuður er þegar aðfluttir eru fleiri en brottfluttir.
- Náttúruleg fjölgun* Með náttúrulegri fjölgun er átt við fjölda fæddra umfram dána á tilteknu svæði á einu ári. Þegar dánir eru fleiri en fæddir er náttúruleg fjölgun neikvæð og er þá talað um náttúrulega fækkun.
- Kjarnafjölskylda* Kjarnafjölskyldur teljast vera hjón eða sambúðarfólk með eða án barna undir 18 ára, eða einstæðir feður eða mæður með börn á framfæri undir 18 ára aldri. Einstaklingar 18 ára og eldri sem hafa ekki gengið í sambúð eða hjónaband eða hafa barn á sínu framfæri teljast einhleypir, jafnvel þótt þeir dveljist enn hjá foreldrum sínum.
